

Mál nr. 363/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging einstaklinga.

Nafn vátryggingartaka (X)

Ökutæki (A)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

- Málskot móttengið 25. september 2024, ásamt fylgiskjöllum.
- Athugasemdir V, dags. 9. október 2024, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur í málinu snýr að því hvort X, eigandi hunds, beri skaðabótaábyrgð á munatjóni sem varð á A, bifreið M, 5. ágúst 2023. Jafnframt kemur fram að atvik máls hafi verið þau að er A var ekið eftir þjóðvegi í dreifbýli á löglegum hraða hafi hundur X skyndilega birst við vinstri vegabrun og ætlað að hlaupa yfir veginn þvert fyrir A. Telur M sig ekki hafa getað komið í veg fyrir að hundurinn lenti fyrir bílnum. Færir M rök fyrir því að þó lausaganga hunda sé ekki bönnuð á umræddu svæði beri eiganda hundsins að sjá til þess að hann valdi ekki tjóni, m.a. með því að halda honum frá þjóðveginum. Telur M því eiganda hundsins, X, bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu vegna þessa gáleysis.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 9. október 2024, staðfestir félagið að X sé með ábyrgðartryggingu í gildi, en hafnar jafnframt að hann beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Ekki virðist ágreiningur um að M hafi orðið fyrir einhverju munatjóni. Rök V eru fyrst og fremst þau að M hafi ekki tekist að sýna fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X. Í því sambandi er bent á að samkvæmt fyrirliggjandi samþykktum um hundahald í viðkomandi sveitarfélagi sé lausaganga hunda heimil á því svæði þar sem tjónið varð. Þá liggi fyrir að X hafi verið á göngu með hundinn í umrætt sinn og það sé fullkomlega eðlilegt að leyfa hundinum að ganga lausum við þær aðstæður sem uppi voru. Það að hundurinn hafi skyndilega tekið á rás og hlaupið fyrir A, verði því að meta sem óhappatilvik en ekki sem háttsemi sem geti bakað X skaðabótaábyrgð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um mögulega skaðabótaábyrgð X, gagnvart tjóni því sem M krefst að fá bætt. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á X á grundvelli gildandi skaðabótareglna í íslenskum rétti, þ.e. í þessu tilviki sakarreglunnar. Sú regla gerir það m.a. að skilyrði að þeim sem krefst bóta takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi þess sem krafinn er um bætur, þ.e. X. Nefndin bendir á að þó í 3. gr. samþykktu um hundahald sem gilda á umræddu svæði standi að eigandi sé ábyrgur á hverju tjóni sem hundur hans kann að valda, breytir það ekki framangreindu skilyrði sakarreglunnar.

Í málinu virðist ekki ágreiningur um að lausaganga hunda var leyfð á því svæði þar sem tjónið varð. Með vísan í framangreinda umfjöllun um atvik máls telur nefndin að M hafi ekki tekist að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir